



Þátttaka í landsþjónustu

Al-Anon á Íslandi

Hvaða þátttaka hentar þér?

Helstu hlutverk í landsþjónustu

Þegar við höfum náð ákveðnum árangri með okkur sjálf í Al-Anon gefst okkur tækifæri til að gefa til baka það sem við höfum öðlast í samtökunum með þátttöku í starfi utan okkar föstu deilda. Þátttaka í nefndastarfi Al-Anon er það sem við köllum „þátttöku í landsþjónustu“.

Það eru í raun þrjár leiðir til að færa sig út fyrir deildina í þjónustu. Ein er sú að gefa kost á sér í hlutverk deildarfulltrúa og öðlast þannig mikilvægt hlutverk til að tengja viðkomandi deild inn í svæðisstarfið með þátttöku í svæðisfundum. Deildar- og varadeildarfulltrúar sækja svæðisfundi sem haldnir eru tvisvar sinnum á ári.

Önnur leið er að sækja svæðisfundi sem almennur félagi og þannig fá innsýn í hvað gerist utan deildarinnar. Allir þátttakendur svæðisfunda geta gefið kost á sér til að sækja árlega Landsþjónusturáðstefnu Al-Anon, en ráðstefnan er vettvangur umræðna um stefnumörkun í landsþjónustu, styður við túlkun á erfðavenjum og vekur athygli á frávikum frá þeim. Landsþjónusturáðstefnu er ætlað að vera rödd Al-Anon deildanna í landinu en hún stjórnar þeim ekki.

Þriðja leiðin er að gefa kost á sér til setu í einni af sex fastanefndum Al-Anon, en þær eru framkvæmdanefnd, ráðstefnunefnd, útgáfunefnd, alþjóðafulltrúar, almannatengslanefnd og Alateen nefnd.

Aðalþjónustunefnd

Aðalþjónustunefndin markar stefnu Al-Anon á Íslandi til framtíðar og ber endanlega ábyrgð á öllu starfi samtakanna. Í henni sitja formenn allra fastanefnda; framkvæmdanefndar, ráðstefnunefndar, útgáfunefndar, almannatengslanefndar, Alateen nefndar og alþjóðafulltrúar. Þar að auki sitja landsþjónustufulltrúar sem kosnir eru á Landsþjónusturáðstefnu í aðalþjónustunefnd, einn frá hverju svæði. Aðalþjónustunefndin hefur eftirlit með eignum og fjármunum samtakanna, ber endanlega ábyrgð á fjármálum og tekur lokaákvörðun um öll stærri fjárútlát. Nefndin fylgir einnig eftir framkvæmd verkefna sem Landsþjónusturáðstefna hefur samþykkt og tekur afstöðu til verkefna sem lögð eru til af öðrum nefndum.

Nefndin heldur fundi a.m.k. fjórum sinnum á ári - að jafnaði ársfjórðungslega.

Öllum nefndum ber að varðveita 12 erfðavenjur og tólf þjónustuhugtök í öllu starfi sínu.



Af hverju ætti ég að taka þátt?

Fyrsta góða ástæðan er sú að allir hafa hag af því að þú takir þátt í landsþjónustustarfinu.

Það fylgir því aukinn persónulegur bati og samtökin hafa mikla þörf fyrir þitt framlag.

Það er oft sagt að reynslusporin séu til að bjarga okkur sjálfum og erfðavenjurnar og þjónustuhugtökin séu til að tryggja að samtökin lifi af ólíka tíðaranda og tískustrauma. Fyrsta erfðavenjan er einmitt í þeim anda að vernda bæði okkur sem einstaklinga og ekki síður samtökin í heild. Þar segir: “Sameiginleg velferð okkar situr í fyrirrúmi. Bati hvers og eins byggir á einingu samtakanna”. Einingin næst með því að við tökum öll sameiginlega ábyrgð og hjálpumst að við að vinna öll verkefni sem þarf að inna af hendi til að samtökin haldi áfram að vera til í framtíðinni. Við þurfum öll að varðveita tólf erfðavenjur og þjónustuhugtök samtakanna í starfinu.

Í fjórða þjónustuhugtakinu segir að *“Þjónusta er lykillinn að jafnvægi”*.

Við sem höfum tekið þátt í landsþjónustunni getum vitnað um það að með aukinni þekkingu á uppbyggingu samtakanna höfum við öðlast meiri styrk og persónulegan bata. Við höfum reynslu af því að jafnvægið sem lofað er í fjórða þjónustuhugtakinu kemur í réttu hlutfalli við framlag okkar til samtakanna.

Kröfur til nefndarmanna

Allir áhugasamir Al-Anon félagar¹ geta gefið kost á sér til þátttöku í nefndarstarfi. AA félagar sem hafa áhuga á að aðstoða við verkefni geta tekið þátt í sérstökum verkefnahópum, t.d. með útgáfunefnd. Það er æskilegt að félagar hafi kynnt sér vel reynsluspor og erfðavenjur Al-Anon en það er ekki skylda fyrir almenna nefndarmenn. Það er hins vegar mikilvægt að þeir sem gefa kost á sér, séu reiðubúnir að axla þá ábyrgð sem fylgir því að vera í þjónustu, mæti á boðaða fundi og annist þau verkefni sem þeir taka að sér að sinna. Það er einnig mikilvægt að muna að við stefnum að framförum en ekki fullkomnun. Þess vegna fá allir tækifæri til að taka að sér verkefni, hvort sem þeir hafa mikla reynslu af þeim eða ekki. Á hverjum tíma gerir hver nefndarmaður sitt besta og aðrir nefndarmenn styðja hann til þess að sinna sínum verkefnum eins og kostur er. Sameiginleg velferð situr í fyrirrúmi og því er pláss fyrir alla.

Viðmið um formenn nefnda

1. Tveggja ára þátttaka í Al-Anon (félagar í deild, þátttaka í deild)
2. Reynsla af þjónustu – í deild, svæði eða nefnd
3. Æskilegt að hafa sinnt þjónustu í eitt ár
4. Mikill kostur að nýr formaður hafi reynslu af starfi viðkomandi nefndar og hafi setið í henni í eitt ár
5. Æskilegt að hafa unnið reynslusporin með trúnaðarmanneskju eða setið sporafundi í eitt ár
6. Æskilegt að þekkja erfðavenjurnar og gera sér grein fyrir því að við störfum eftir erfðavenjunum í þjónustunni
7. Hafa áhuga á að tileinka sér þjónustuhugtökin
8. Hæfni til verkstjórnunar, sýni frumkvæði og góða færni í mannlegum samskiptum
9. AA félagar eiga ekki kost á því að vera formenn nefnda skv. ákvörðun alþjóðþjónusturáðstefnu Al-Anon samtakanna.

¹ Sjá takmarkanir AA félaga til þátttöku í nefndarstarfi á bls. 4

Get ég boðið mig fram í nefnd?

Ekki eru gerðar sérstakar kröfur um reynslu Al-Anon félaga til að bjóða sig fram til setu í nefndum.

Al-Anon/Alateen félagar sem einnig eru félagar í AA geta sinnt þjónustuhlutverkum í deildinni sinni. Þessi deildarþjónusta er mjög mikilvæg og ætti á öllum stundum að leggja megináherslu á sjónarhorn Al-Anon bataleiðarinnar.

Bill Wilson stofnandi AA var aðal hvatamaður þess að vegna áherslna hvorrar bataleiðar fyrir sig, skuli AA félagar ekki gegna þjónustuhlutverkum sem geta leitt til þátttöku á Landsþjónusturáðstefnu Al-Anon. Þetta gildir einnig fyrir deildar- og varadeildarfulltrúa því þeir eru fyrsti hlekkurinn í landsþjónustunni og fara með atkvæði sinna deilda á svæðisfundum.

Með hliðsjón af framangreindu varð það til þess að alþjóðaráðstefna Al-Anon (WSC, 1977) tók ákvörðun um að hana sætu ekki Al-Anon/Alateen félagar sem eru líka félagar í AA. Einn liður í því að tryggja tilgang og einingu Al-Anon samtakanna felur í sér takmörkun á þjónustu AA félaga í landþjónustu Al-Anon. AA félagar þjóna því ekki sem deildarfulltrúar, varadeildarfulltrúar, svæðisfulltrúar, sem ritstjórar Hlekksins eða annarrar útgáfu, alþjóðafulltrúar, kjörnir fulltrúar og/eða varamenn þeirra, né heldur mega þeir sitja í nefndum Al-Anon.



Hlutverk framkvæmdanefndar

Framkvæmdanefnd er nefndin sem ber ábyrgð á að skrifstofan, kjarni eininga samtakanna haldist á floti. Nefndin ber ábyrgð á daglegum rekstri skrifstofunnar, m.a. með því að senda ákallsbréf til deilda til að minna á framlög deilda til samtakanna.

Það er hlutverk nefndarinnar að koma lesefni samtakanna á framfæri bæði með því að manna bóksölu á skrifstofu og eins með því að minna deildir á að koma lesefninu á framfæri til félaga. Nefndin annast bóksölur á sérstökum viðburðum eins og á afmælisfundinum.

Nefndin ber ábyrgð á bókhaldi Al-Anon á Íslandi og sér um uppgjör og samskipti við endurskoðanda sem annast færslu bókhalds og gerð ársreiknings.

Nefndin svarar spurningum sem berast frá Al-Anon félögum, deildum og öðrum. Ef ástæða er til, vísum við erindinu til þeirrar nefndar sem erindið á við um.

Í framkvæmdanefnd sitja að minnsta kosti fjórir til fimm Al-Anon félagar sem hittast einu sinni í mánuði til að fara yfir fjárhagsstöðu og þau verkefni sem liggja fyrir nefndinni.



Hlutverk ráðstefnunefndar

Aðalhlutverk nefndarinnar er að undirbúa og halda Landsþjónusturáðstefnu Al-Anon samtakanna einu sinni á ári.

Helstu verkefni nefndarinnar eru að útbúa dagskrá ráðstefnunnar í samráði við aðalþjónustunefnd, útvega húsnæði, fundarstjóra, fundarritara og féлага til að sjá um veitingar og tryggja mönnun í þau störf sem nauðsynleg eru vegna ráðstefnunnar.

Nefndin undirbýr fundargögn fyrir ráðstefnuna og aðstoðar fundarritara við að útbúa skýrslu ráðstefnunnar að henni lokinni, sem send er rafrænt til allra sem sátu ráðstefnuna og allra deildarfulltrúa á landinu.

Öll nefndin situr landsþjónusturáðstefnu en formaðurinn hefur einn atkvæðisrétt.

Það er skemmtileg áskorun að taka að sér hlutverk á ráðstefnunni og seta í ráðstefnunefnd hentar vel fyrir þá sem geta unnið af kappi í aðdraganda ráðstefnunnar en álagið er minna á öðrum tíma ársins.



Hlutverk alþjóðafulltrúa

Alþjóðafulltrúar kynna sér þjónustuuppbyggingu annarra landa og Þjónustuhandbók Al-Anon (Service Manual). Þeir sitja í aðalþjónustunefnd og eiga í samstarfi við allar fastanefndir Al-Anon og deildir.


Meginverkefni alþjóðafulltrúa er þátttaka í alþjóðafundum (IAGSM) sem haldnir eru annað hvert ár. Áður en alþjóðafulltrúarnir sækja fundina verða þeir að undirbúa sig og gera jafnframt grein fyrir undirbúningi á fundum aðalþjónustunefndar. Þeir halda til haga öllum gögnum sem tengjast fundinum og senda allar umbeðnar upplýsingar til undirbúningsnefndar (ICC) sem sér um að undirbúa alþjóðafundinn. Alþjóðafulltrúarnir hafa með sér sýnihorn af Al-Anon lesefni sem þýtt hefur verið á íslensku. Þeir eru rödd Al-Anon á Íslandi á alþjóðafundinum.

Eftir alþjóðafund gefa þeir aðalþjónustunefnd skýrslu um alþjóðafundinn og flytja erindi og kynningar á svæðisfundum og í deildum ef þess er óskað. Jafnframt skrifa þeir grein um ráðstefnuna sem birt er á Hlekknum. Alþjóðafulltrúarnir miðla áfram þeim hugmyndum og niðurstöðum sem koma fram á alþjóðafundinum inn í þjónustuuppbyggingu Íslands.

Alþjóðafulltrúar eru ætíð tveir í senn og eru kosnir til fjögurra ára. Gert er ráð fyrir að hver þeirra fari á tvo alþjóðafundi (IAGSM). Þjónustutímabil alþjóðafulltrúa eiga að skarast þannig að ávallt fari einn reyndur og einn nýr. Einnig eru kosnir tveir alþjóðafulltrúar til vara.

Nánar er fjallað um forkröfur og kosningu alþjóðafulltrúa Al-Anon á Íslandi í Þjónustuhandbók Al-Anon á Íslandi sem finna má á heimasíðu samtakanna.





Hlutverk útgáfunefndar

Útgáfunefnd annast þýðingar, prófarkalestur, umbrot og hefur umsjón með prentun. Útgáfunefnd hefur hóp af félögum á sínum snærum sem eru tilbúnir að taka að sér hina ýmsu þætti þessarar vinnu. Útgáfunefndin kemur með tillögur að forgangsröðun verkefna í útgáfumálum til aðalþjónustunefndar. Útgáfunefndin tekur endanlega ákvörðun um hvort og hvenær ný þýðing er tilbúin til útgáfu.

Fyrir utan að annast þýðingar, þá hefur útgáfunefnd einnig umsjón með vefsíðu Al-Anon og Hlekknum, vefstjórn samtakanna. Vefstjóri sér um að uppfæra vefsíðu og gera breytingar ef þurfa þykir. Ritstjóri Hlekkksins sér um að uppfæra vefritið. Útgáfunefnd leggur vefstjóra lið hvað varðar uppsetningu og innihald á efni vefsíðunnar. Hún þjónar líka hlutverki ritnefndar fyrir Hlekkinn. Útgáfunefnd tryggir að innihald vefsíðu og Hlekkksins sé ávallt í samræmi við tólf erfðavenjur og tólf þjónustuhugtök Al-Anon.

Það eru ákveðin forréttindi að fá að starfa í útgáfunefnd af því að þeir fá fyrstir að kynna sér nýtt íslenskt og erlent lesefni á undan öllum öðrum.

Allir meðlimir útgáfunefndar þurfa að hafa góða ensku- og íslenskukunnáttu og auk þess hafa góða tilfinningu fyrir Al-Anon málinu.

Hlutverk almannatengslanefndar

Almannatengslanefnd hvetur Al-Anon og Alateen félagi til þátttöku í kynningarstarfi um samtökin. Þegar óskað er eftir því að fulltrúi Al-Anon komi fram á öðrum vettvangi en á skipulögðum Al-Anon fundum er það hlutverk nefndarinnar að fela félögum að sjá um kynningar. Nefndin hefur einnig það hlutverk að skipuleggja reglulega fundi sem haldnir eru á sjúkrahúsum og stofnunum. Tengiliður úr nefndinni úthlutar verkefnum til deilda sem senda fulltrúa til að halda kynningarfundum á föstum fundarstöðum, s.s. á Vogum og Hlaðgerðarkoti.

Nefndin annast einnig skipulag afmælisfundar Al-Anon samtakanna sem haldinn er árlega. Þar koma fram félagar úr Al-Anon, Alateen og AA og segja sögu sína á opnum kynningarfundum. Einnig útvega þeir félagar úr samtökunum til að sjá um tónlist eða önnur skemmtiatriði á fundinum.

Árlega er haldinn afmælisfundur AA á Íslandi þar sem einn félagi úr Al-Anon deilir reynslu, styrk og von. Nefndin annast tengsl á milli AA og Al-Anon til að finna félagi sem er fús til þátttöku í afmælisfundum AA.

Nefndin leggur fram hugmyndir til aðalþjónustunefndar um kynningu á samtökunum og forgangsriðun verkefna.





Hlutverk Alateen nefndar

Hlutverk Alateen nefndarinnar er meðal annars að hvetja Al-Anon og Alateen féлага til þátttöku á Alateen fundum sem haldnir eru tvisvar sinnum í viku á höfuðborgarsvæðinu.

Það er mikilvægt að finna reynda Al-Anon féлага til að annast fundi með ungmennunum sem sækja Alateen fundina. Hlutverk nefndarinnar er meðal annars að skipuleggja Alateen starfið og gæta þess að það samræmist erfðavenjum og þjónustuhugtökum Al-Anon samtakanna.

Nefndin heldur fund að meðaltali á tveggja mánaða fresti.

Alateen nefndin er tengiliður samtakanna við Alateen og því er formaður hennar í aðalþjónustunefnd Al-Anon.

Sérstök Alateen öryggisviðmið eru í gildi en þau eru nauðsynleg til að Alateen félagar geti upplifað það traust og öryggi sem við viljum sýna þeim. Alateen nefndin ber ábyrgð á því að kynna sér öryggisviðmiðin og gæta þess að trúnaðarfólk sem situr Alateen fundina uppfylli þau viðmið. Öryggisviðmiðin eru meðal annars þau að trúnaðarmaður skuli vera orðinn 21 árs, hafa verið í Al-Anon a.m.k. í 2 ár og hafa hreint sakavottorð. Formaður Alateen nefndarinnar hefur umsjón með skilum á sakavottorðum trúnaðarmanna.

Frekari upplýsingar um hlutverk nefndanna er að finna í þjónustuhandbók AI-Anon á heimasíðu samtakanna.

Ef þú hefur áhuga á þátttöku í nefndarstarfi hvetjum við þig til að senda póst á al-anon@al-anon.is eða hringja í formann aðalþjónustunefndar til að fá nánari upplýsingar. Símanúmer formanns er að finna á heimasíðu AI-Anon, www.al-anon.is.

Útgefið af aðalþjónustunefnd AI-Anon á Íslandi 2016

